

Nefndasvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd

Reykjavík 11. apríl 2024

**Efni: Frumvarp til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, þskj. 139, á 154. löggjafarþingi (fjárhagsupplýsingar um einstaklinga).**

Creditinfo Lánstraust hf. hefur kynnt sér drög að þingmannafrumvarpi til laga um breytingu á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 sem lagt var fram á Alþingi 19. september 2023 og gekk til allsherjar- og menntamálanefndar 22. mars 2024.

Frumvarpið hefur þrívægis verið lagt fram á Alþingi, á 151., 152. og 153. löggjafarþingi og nú aftur á yfirstandandi þingi. Þegar frumvarpið var lagt fram af hálfu Ingu Sæland' og Guðmundar Inga Kristinssonar á 151. löggjafarþingi sendi Creditinfo Lánstraust hf. ítarlega umsögn dags. 7. apríl 2021.

Sú umsögn er ítrekuð með bréfi þessu.

Eins og vikið var í þeirri umsögn veita fjárhagsupplýsingastofur mikilvæga þjónustu á lánamörkuðum við miðlun fjárhagsupplýsinga. Slík miðlun er forsenda þess að hægt er að stunda ábyrgar lánveitingar og lántökur og er starfsemin ekki bundin við Ísland.

Þvert á móti er miðlun fjárhagsupplýsinga vel þekkt um allan heim og fjárhagsupplýsingum safnað og miðlað miðlægt í öllum þeim löndum sem við berum okkur saman við.

Að lokum vill Creditinfo Lánstraust hf. benda á að fulltrúar félagsins eru ávallt reiðubúnir til að mæta fyrir þingnefnd og útskýra starfsemi fjárhagsupplýsingastofa.

F.h. Creditinfo Lánstrausts hf.

Vilhjálmur Þór Svansson  
Yfirlögfræðingur

